



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 7. október 2021

2110006SA KB/agb

Málalykill: 01.82

Efni: Þátttaka og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022


Flest sveitarfélög hafa skuldbundið sig til að taka þátt í samstarfi sveitarfélaga um stafræna umbreytingu. Eins og kynnt var fyrir sveitarfélögum verður samstarfið fjármagnað annars vegar með skyldubundnu grunnframlagi sem rennur fyrst og fremst til þess að standa undir launakostnaði sérfræðinga í stafrænu umbreytingateymi sveitarfélaga, og hins vegar með framlögum til að standa straum af þróun og kaupum á lausnum. Nú liggur fyrir áætlun um slík stafræn verkefni ársins 2022 á grundvelli forkönnunar meðal sveitarfélaga. Tilgangur þessa bréfs er að kynna þessa áætlun fyrir sveitarfélögum, leita eftir þátttöku þeirra í þeim sem og að benda þeim á að gera ráð fyrir framlögum vegna þeirra og grunnframlags í fjárhagsáætlun 2022.

Verkefnin eru:

- Stafrænir innviðir
 - Microsoft leyfamál
 - Einfaldari skjalavistun
 - Rafræn skil til Þjóðskjalasafns
- Sameiginleg þjónustuþróun
 - Sameiginlegt spjallmenni
 - Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði á Ísland.is
- Deiling og uppsetning opinna stafrænna lausna á stafraen.sveitarfelog.is.
 - Sorphirðudagatal, reiknivél leikskólagjalda, reiknivél
húsæðisstuðnings, reiknivél fasteignagjalda, reiknivél
frístundagjalda, ábendingagátt

Vísað er til fylgiskjala varðandi nánari upplýsingar um verkefnin og áætlaðra framlaga á hvert sveitarfélag á annars vegar grunnframlagi og hins vegar verkefnaframlagi. Ljóst er að verkefni geta staðið og fallið með að fullnægjandi þátttaka sveitarfélaga náist og þar með fjármögnun. Leitað er eftir því að sveitarfélög skrái sig til þátttöku í verkefnum fyrir 1. nóvember nk. með tölvupósti til Fjólu Maríu Ágústsdóttur sem getur jafnframt svarað spurningum sem kunna að vakna.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl:

- Sameiginleg verkefni sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu árið 2022
- Skipting kostnaðar vegna samvinnuverkefna og skipting fasts kostnaðar
- Kynning á samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu – Powerpoint skjal.
- Upptaka af vefráðstefnu: <https://stafræn.sveitarfelag.is/vefradstefna-2021-upptokur/>